

BARNAS ÖNGLI KURINN


# ÁFRÁ LÁTIL

1996-110

782.14Mán

Eftir Magnús Scheving



  
ÍSLANDSBANKI

BARNASÖNGLEIKURINN

# ÁFRAM LATIBAER!

Eftir metsölubók Magnúsar Scheving  
í Leikstjórn Baltasar Kormáks

## Persónur og leikendur:

Bæjarstjórinn:

Ípróttaálfurinn:

Siggi sæti:

Maggi mjói:

Solla stírða

Stína símalína

Goggi mega

Nenni níski

Sólin/Eyrún eyðslukló

Halla hrekkjusvín

Pósturinn/Lolli lögga

Magnús Ólafsson

Magnús Scheving

Steinn Ármann Magnússon

Sigurjón Kjartansson

Selma Björnsdóttir

Sigurveig Jónsdóttir

Jón Stefán Kristjánsson

Ólafur Guðmundsson

Pálína Jónsdóttir

Ingrid Jónsdóttir

Ari Matthíasson

LÖGIN Í LEIKRITINU • LEIKFIMI MEÐ MAGNÚSI SCHEVING  
SYNGDU MEÐ: KARAOKE ÚTGÁFA AF LÖGUNUM


# Líttu á þetta Latibær

Söngur: Magnús Ólafsson

Líttu á þetta, Latibær.  
Loks er komin frétt.  
Frétt sem að þarf að gefa gaum,  
gerum þetta rétt.

Hátíð skal nú halda hér,  
nú hangir enginn inni hjá sér.  
Tílefnið er tilvalið,  
tökum öll á sprett.

Hér þarf að taka til hendinni,  
hreyfa sig úr stað.  
Íþróttahátíð halda skal,  
hjálpumst nú öll að.



## Stína símalína

Þú veist að ég vil ekki  
tala illa'um aðra.  
Annað en hún Anna,  
hún er algjör naðra.

Stína! Stína símalína!  
Stína! Stína símalína!

Svo var ég að heyra  
sögu'af honum Herði.  
Þú trúir því nú varla,  
en veistu hvað hann gerði?

Stína! Stína símalína!  
Stína! Stína símalína!

# Öllu er lokið - Latibær

Söngur: Magnús Ólafsson

Öllu er lokið, Latibær,  
ljótt er það en satt.  
Fallega þorpið okkar er  
illa'á vegi statt.

Gaman hérna aldrei er,  
allir hanga inni hjá sér.  
Fólkið hér vill letilíf,  
liggja bara flatt.

Agalegt mjög er ástandið,  
enginn gerir neitt.



# Íþróttaálfurinn

Söngur: Matthías Matthíasson

Sérðu álfa - sitja'og gera'ekki neitt,  
súra á svipinn - og þykja lífið svo leitt?  
Nei, alltaf þar sem er álfamergð  
eru'einhver ósköp gangandi á.  
Við erum alltaf á fullri ferð,  
við erum bara þannig gerð.

Og ég er íþróttaálfurinn,  
álfanna fyrirmynd sjálf.  
Já, ég er íþróttaálfurinn,  
þú finnur ei fimari álf.

Ekki syrgja- og setja hendur í skaut  
ég sýna skal þér - og fólkinu glænýja braut.  
Letibykkjur og bjálfana  
í lata bænum ég þjálfá í lag.  
Kreppiði á ykkur kálfana,  
því það er ég sem þjálfá álfana.

Já, ég er íþróttaálfurinn,  
alltaf sprækur og hress.  
Já, ég er íþróttaálfurinn,  
þekki'ekki streitu né stress.  
Já, ég er íþróttaálfurinn,  
íþróttir eru mitt fag.  
Já, ég er íþróttaálfurinn,  
öllu ég kippi í lag.

# Siggi sæti

Söngur: Steinn Ármann Magnússon

Alla daga uppi'í rúmi'i leti ligg  
og langar ekki fram,  
háma í mig sælgæti og tygg og tygg,  
tygg mitt namminamm.

Karamellur áttatíu, kakómalt  
og kókosbollur tólf.



Bréfunum þeim kasta ég svo út um allt  
svo ekki sést í gólf.

Ég nenni ekki'að hreyfa mig svo nú er hér  
nammibréfafjall.

Það leikur enginn vafi á því að ég er algjör  
nammikall.

Karamellur, súkkulaði  
sleikibrjóstsyk, tyggjó  
alger nammikall

Karamellur, súkkulaði  
sleikibrjóstsyk, tyggjó  
alger nammikall



# Goggi mega

Söngur: Jón Stefán Kristjánsson

Vídeó, sjónvarp, tölvuleikir, tölvuspil.

Sjónvarp átti ég og svo átti ég tvö  
og svo átti ég tölvuspil og svo átti ég þrjú.  
Núna á ég mér myndbandstæki sjö  
og sjónvörpin þau eru miklu, miklu fleiri nú.

Vídeó, sjónvarp, tölvuleikir, tölvuspil.

Þegar horfi ég gegnum þessi gler  
get ég horft á tíu sjónvörp, ekki bara eitt.  
Auðvitað er ég alltaf bara hér.  
Ég vil ekki missa'af neinu. Ég fer aldrei neitt.

Vídeó, sjónvarp, tölvuleikir, tölvuspil.

Ef það kemur snjór og ef það kemur él  
og ef ég rata ekki heim því nóttin er svo dimm  
þá passar ekki neinn vídeóin vel,  
tölvuna og sjónvörpin mín tuttuguog fimm.



# Maggi mjói

Söngur: Sigurjón Kjartansson

Langar þig í kjöt? Langar þig í fisk?  
Langar þig í ávexti  
eða kannski grænmeti?  
Langar þig í brauð? Langar þig í skyr?  
Smakkarðu það sem þú hefur aldrei smakkað  
fyr?  
Ekki gefa'í alla fæðu frat.  
Elskan mín, þú borðar aldrei mat.

Jú, ég borða kornhringi en bragða ekki kál.  
Já, ég vil kakókúlur, kexkökur  
og kornhringi í hvert mál.  
Ég vil borða kakókúlur, kornhringi og flögur.  
Mér finnst morgunkorn og mjólkurkex  
matur sem segir sex.

# Eyrún eyðslukló

Söngur: Pálína Jónsdóttir

Ég er kölluð Eyrún - eyðslukló.  
Einhvernveginn fæ ég - aldrei nóg.  
Þegar einhver aura gefur mér  
út í sjoppu beina leið ég fer  
og kaupi mér af karamellum nóg,  
lakkrísör og fleira - langar samt í meira.  
Ég er kölluð Eyrún - eyðslukló.

Sumum finnst ég kannski - leiðinleg.  
Langi mig í eitthvað - sníki ég.  
Ég segi bara: "Gemmér gemmér aur,  
gemmér því að ég er alveg staur."  
Ég suða bara þar til guggna þeir  
og enda með að hlaupa - út í búð og kaupa,  
langar samt að kaupa - miklu meir.

Aurar sem ég eignast - hverfa strax.  
Aldrei á ég neitt til - næsta dags.  
Peninga er fáránlegt að fá  
ef fær maður svo ekki'að nota þá.  
Með aura mína ætla ég á sveim.  
Peninga að spara - gera bjánar bara.  
Aurar eru til að - eyða þeim.

# Solla stirða

Söngur: Selma Björnsdóttir

Solla stirða heiti ég.  
Klaufsk og klunnaleg.  
Solla stirða, hér kem ég,  
haltrandi'eins og spýtukall minn veg.


Mig langar svo að verða liðug,  
leika mér að fara'í splitt.

Ég get ekki hlaupið um  
með hinum krökkunum,  
né gengið uppi'á grinverkum  
því ég er læst í liðamótunum.

Mig langar svo að verða liðug,  
leika mér að fara'í splitt.

Solla stirða heiti ég.  
Klaufsk og klunnaleg.  
Ennþá get ég ekki þó  
á mig sjálfa reimað skó.

Mig langar svo að verða liðug,  
leika mér að fara'í splitt.



# Halla hrekkjusvín

Söngur: Ingrid Jónsdóttir

Ég er Halla hrekkjusvín og voðalega villt.  
Ég veit ekkert betra en að gera öðrum illt.  
Gaman er að lemja aðra alveg hreint í steik.  
Aldrei hef ég vitað jafn skemmtilegan leik.

Ég hleyp á eftir krökkunum og kýli þá og slæ  
svo krakkarnir þeir veina og ég skelli skellihlæ.  
Ég skýt á þá úr teygjubyssu'og toga'í þeirra hár.  
Það tekur ekki að nefna þó að komi nokkur tár.

Að þína aðra það er eftirlætisiðja mín.  
svo ani þeir með grátstafinn í kverkum heim til  
sín.  
Auðvitað er þetta bara ósköp saklaust grín  
en allir eru skíthræddir við Höllu hrekkjusvín.

# Nenni níski


Söngur: Ólafur Guðmundsson

Veistu hvað ég á?  
Viltu ekki fá það að sjá?  
Ég á þessa fötu og ég á þessa götu  
og ég á allt sem götunni er hjá.

Ég á allt sem er,  
ég á meira en allt sem er hér.  
Aksjónkalla stóra, áttatíuogfjóra  
og enginn á þá með mér.

Ég á þennan bíl. Ég á feitan fíl.  
Ég á stóran kött  
og að lána öðrum - það er alveg út í hött.

Ég á svart og hvítt,  
ég á fagurt og ég á frítt.  
Kannski fötin blotni, kannski dótið brotni,  
þá kaupir pabbi nýtt.






# Löggulagið

Söngur: Ari Matthíasson

Ef einhver gerir eitthvað sem að ekki gera má  
þá fer ég á stjá  
þrjótunum að ná.

Ef enginn nennir lögbrotum, ég lítið gera fæ  
í löggunni í Latabæ.

Þegar ég ungur var og ör  
var í mér ofsa mikið fjör,  
ég gat hlaupið um á höndunum,  
mín handtök voru snör.  
Hér eru'ekki margir glæpamenn,  
ég er máttlausari'en í denn,  
en ekki dauður úr öllum æðum enn.



# Áfram Leikbær

Söngur: Lati kórinn


Við höfum lært eitt. Við skulum líta á þann lærdóm sem að hér er.  
Latibær hafði lengi staðið í stað.  
Já, bæinn okkar var ekki sjón að sjá en síðan tók hann við sér.  
Allt er hægt ef við munum að hjálpast öll að.

Við megum aldrei, nei, aldrei gleyma því, já, látum orðið berast:  
Einskis virði' er að hreyfa sig aldrei úr stað.  
Við skulum hætta að liggja leti í og láta ekkert gerast.  
Lífið er miklu meira virði en það.

(Við segjum:) Áfram Latibær. Áfram Latibær.  
Þar sem lífið er alltaf betra í dag en í gær.  
Áfram Latibær. Áfram Latibær.  
Enginn bær er í landinu líkt því eins fær.

Við stóðum saman, við unnum öll sem eitt að okkar dýrðardegi, bærinn sem áður var lágdeyða' og letingjasafn.  
Við vorum iðin og létum ekki neitt standa í okkar vegi.  
Viðeigandi' er að bærinn nú breyti um nafn.

(Við segjum:) Áfram Leikbær. Áfram Leikbær.  
Þar sem lífið er alltaf betra í dag en í gær.  
Áfram Leikbær. Áfram Leikbær.  
Enginn bær er í landinu líkt því eins fær.



# Höfundarnir:

## Maggi

Magnús Scheving er Íslendingum góðkunnur fyrir heilbrigði og góðan íþróttarárangur. Hann var kjörinn íþróttamaður ársins 1994 og er tvöfaldur evrópumeistari í þolfimi. Hann hefur á undanförunum árum flutt hundruði fyrirlestra um heilbriggt líferni og jákvætt hugarfar víðsvegar um landið allt frá leikskólum upp í framhaldsskóla og hjá félagasamtökum s.s. Lions, Rotarý hreyfingunni o.fl. Hann hefur jafnframt unnið að forvarnaneti landlæknis og heilbrigðisráðuneytisins.

Árið 1995 kom út fyrsta barnabók Magnúsar Scheving, Áfram Latibær og seldist hún í rúmlega sexþúsund eintökum. Bókin varð mjög vinsæl meðal barna sem og geisladiskur sem henni fylgdi.

Leikfélag Vestmannaeyja setti upp leiksýningu sem byggð er á sögunni Áfram Latibær snemma árs 1996. Einnig hafa þeir Magnús og Baltasar Kormákur leikstjóri unnið leikgerð af sögunni Áfram Latibær sem var frumsýnd í Loftkastalanum fyrir stuttu.

## Máni

Máni er fæddur 15. júní 1967 og er sonur hjónanna Svavars Gests og Ellýjar Vilhjálms.

Hann hefur starfað lengi við tónlist af ýmsum toga. M.a. samdi hann tónlistina við kvikmyndina „Veggfóður“, starfaði með hljómsveitunum „Pís og keik“ og „Tweety“ og unnið með Verslunarskólanum og Nemendaleikhúsinu. Hann hefur samið mikið af auglýsingatónlist og gert tónlist við ófáa sjónvarpsþættina. M.a. „Gestir“ (stöð 3), „Fiskur án reiðhjóls“ (Stöð 2) og „Í sannleika sagt“ (Stöð 1).

Nánari upplýsingar um Mána er að finna á veraldarvefnum:  
<http://www.itn.is/~mani>

## Davíð

Davíð Þór Jónsson er fæddur 5. janúar 1965. Hann er annar "Radíusbræðra", þýddi söngleikinn Hárið og hefur samið fjölda söngtexta, m.a. fyrir Káta Pilta, S.S.Sól, Reaggae On Ice og Rocky Horror sem hann jafnframt lék í. Davíð er aðalforsprakki Faríseanna sem eingöngu flytja lög við texta hans.

# ÁFRAM LATIBAER!


Tónlist: Máni Svavarsson  
Textar: Davíð Þór Jónsson  
Hugmynd: Magnús Scheving

Hljóðfæraleikur:  
Hljómborð: Máni Svavarsson  
Gítar: Stefán Hjörleifsson

Platan var hljóðrituð  
í Hljóðsetningu ehf  
Upptökumenn:  
Máni Svavarsson  
Upptökustjórn og útsetningar:  
Máni Svavarsson  
Útgefandi: Latibær ehf  
Dreifing: Japís  
Hljóðritun: Október '96  
Hljóðblöndun: Máni Svavarsson

Ljósmyndir: Bonni  
Hönnun: Grafíska smíðjan

Sérstakar þakkir fá eigendur og starfsmenn  
Hljóðsetningar fyrir einstaka aðstoð og þolinmæði.



ÀÆTRAMLÆTJIBÆTR

LAT 001

WESTERN LIBRARY

1996-110

ALLUR RÉTTUR ÁSKILINN - ÖLL OPINBER SPILUN STRANGLEGA BÖNNUD ÁN SAMPYKKIS ÚTGEFANDA

1996-110

# ÁFRAM LATIBAER!



ÁFRAM SV



**LATIBAER EHF**  
ALLUR RÉTTUR ÁSKILINN  
© & P 1996  
**LAT 001**

- 1. Líttu á þetta Latibær 0:34 • 2. Stína símalína 1:21
- 3. Öllu er lokið Latibær 0:55 • 4. Ípróttaálfurinn 1:54 • 5. Siggí sæti 1:22
- 6. Goggi mega 2:03 • 7. Maggi mjói 1:18 • 8. Eyrún eyðslukló 1:44
- 9. Solla stírdá 2:14 • 10. Halla hrekkjusvín 1:08 • 11. Nenni níski 1:03
- 12. Löggulagið 1:02 • 13. Áfram Latibær 3:25
- 14. Leikfimisleikur 6:30  
(Hörkuspennandi leikfimi með Magnúsi Scheving)
- 15-27. Karaoke útgáfa af lögnum á disknum.  
Syngdu með!



# ÁFRAM LATIBAER!

1. Líttu á þetta Latibær 0:34
2. Stína símalína 1:21
3. Öllu er lokið Latibær 0:55
4. Ípróttaálfurinn 1:54
5. Siggí sæti 1:22
6. Goggi mega 2:03
7. Maggi mjói 1:18
8. Eyrún eyðslukló 1:44
9. Solla stirða 2:14
10. Halla hrekkjusvín 1:08
11. Nenni níski 1:03
12. Löggulagið 1:02
13. Áfram Latibær 3:25
14. Leikfimisleikur 6:30

(Hörkuspennandi leikfími með Magnúsi Scheving)  
15-27. Karaoke útgáfa af lögnum á disknum.  
Syngdu með!



Leikfími  
með Magnúsi Scheving  
Syngdu með:  
Karaoke útgáfa af lögnum



Lbs - Hbs / TM



100746045-5



DREIFING:  
**JAPIS**



COMPACT  
**disc**  
DIGITAL AUDIO

**n©b**  
Nordisk Copyright Bureau

LATIBÆR EHF  
ALLUR RETTUR ÁSKILINN  
© & P 1996